



Stjórnarfundur í Þekkingarsetrinu þriðjud. 29. október 2013 kl. 17:00

Dagskrá:

1. Staða mála
2. Starfsmannamál
3. Fjárhagsáætlun 2013 og 2014
4. Samstarfssamningur á sviði textíl

Arnar setti fund kl. 17:25. Mætt eru Katharina Schneider, Arnar Þór Sævarsson, Valgarður Hilmarsson og Þóra Sverrisdóttir. Þóra ritar fundargerð.

1. Dan er að fara á tveggja daga norðurslóðaráðstefnu í Svíþjóð, verður þar með fyrirlestur og kynnrir Þekkingarsetrið. Ásdís er að undirbúa flutning námsvers, sem er fyrirhugaður í júní 2014, einnig er hún að ýta á eftir þarfagreiningunni hjá Háskóla Íslands. Þátttakan er nokkuð góð. Einnig er hún að vinna að hugmyndum fyrir eflingu háskólanáms á svæðinu. Það var opið hús hjá Þekkingarsetrinu á sögulegri safnahelgi. Frkv.stj. og form. fóru á fund í ráðuneytinu og þar kom fram umtalsverð áhersla á námsver, samstarf við farskólann og eflingu háskólanáms, samþættingu safna og setra. Einnig var rætt um þörf á uppbyggingu í ferðapjónustu. Ákveðið var að funda í byrjun nóvember varðandi ný verkefni sem ráðast þarf í.
2. Búið er að ráða Dan í 100% starf. Rætt var um starfsmannamál almennt og stefnu Þekkingarseturs í þeim. Ákveðið var að ráða starfsmann vegna residency verkefnis, til að byrja með í 50% starfi. Þörf er á aukningu á starfshlutfalli framkvæmdastjóra, ákveðið var að auka það í 75%.
3. Rætt var um undirbúning fjárhagsáætlunar 2014, haldinn verður sérfundur um hana í nóvember. Einnig var rætt um stöðu vegna ársins 2013.
4. Áhugi er kominn í ljós varðandi ullarráðstefnuna sem fyrirhuguð er haustið 2014. Fyrirspurnir eru fyrirbyggjandi vegna skráningar. Rætt var um hver haldi utan um þennan pakka.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesinn og samþykkt.
Fundi slitið.

Þóra Sverrisdóttir

Þóra Sverrisdóttir
Valgarður Hilmarsson